

Reykjavík 8. október 2021

**Skipulagstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík.**

**Erindi: Háskólinn í Reykjavík - Nauthólsvegur 81**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. september 2021 var breyting á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðar nr. 81 við Nauthólsveg (reits F) samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit 1. hæðar. Reiturinn er stækkaður til að skapa svigrúm fyrir útfærslu en byggingarmagn er óbreytt. Þá er skerpt á landnotkunarskilgreiningu lóðarinnar og henni breytt úr "Grunnskóli" í "Grunnskóli/Leikskóli".

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breyting ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

**Erindi var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 5. október 2021.**

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs



Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi

Meðfylgjandi:  
Uppdráttur/skilmálabr, dags. 31. ágúst 2021.  
Afrit af auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 1119

21. september 2021

## AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

### *Langholtsvegur 115.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 7. júlí 2021, breytingu á deiliskipulagi Langholtsvegar og Drekkavogar vegna lóðarinna nr. 115 við Langholtsveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera svalalokun yfir svalir á 1. hæð hússins ásamt því að nýtingarhlutfall er leiðrétt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Háskólinn í Reykjavík – Nauthólsvegur 81.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 8. september 2021, breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðar nr. 81 við Nauthólsveg (reits F). Í breytingunni felst breyting á byggingarreit 1. hæðar. Reiturinn er stækkaður til að skapa svigrúm fyrir útfærslu en byggingarmagn er óbreytt. Þá er skerpt á landnotkunarskilgreiningu lóðarinna og henni breytt úr „Grunnskóli“ í „Grunnskóli/Leikskóli“. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Grandavegur 47.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 25. ágúst 2021, breytingu á deiliskipulagi Grandavegar, Lysis og SÍS vegna lóðarinna nr. 47 við Grandaveg. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum á jarðhæð um tvær og fella út starfsemi fyrir verslun, sjúkrabjálfun og sólbaðstofu í rýmum 00-05 og 00-06. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. september 2021.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 5. október 2021